



Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 7  
101 Reykjavík

### ***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um tónlist***

Reykjavíkurborg hefur fengið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um tónlist. Reykjavíkurborg fagnar því að unnið sé að og lagt verði fram frumvarp að heildarlögum um tónlist á Íslandi sem tekur fyrir málefni nýrrar Tónlistarmiðstöðvar Íslands, nýs tónlistarsjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fulltrúar á skrifstofu menningarmála hafa kynnt sér málið ítarlega og leggja fram neðangreinda umsögn.

Í öllu skjalinu þarf að skerpa á hvað er átt við með hugtökunum: stofnaðilar, hagaðilar og fagfélög tónlistar. Í greinargerð er tilgreint hverjir hagaðilar eru við setningu lagana, stofnaðilar eru hins vegar ekki taldir upp, en þó er gert ráð fyrir setu þeirra á aðalfundi. Endurskoða þarf lista yfir hagaðila í greinargerð með frumvarpinu þar sem sá listi endurspeglar ekki nógu vel geirann, m.a. vantar Hörpu á listann. Gert er ráð fyrir setu tveggja fulltrúa fagfélaga tónlistar í úthlutunarnefndum Tónlistarsjóðs, en ekki tekið fram hvaða fagfélögum, en þau eru fleiri en tvö við setningu laganna. Þá kemur einnig fram að ráðherra skipar þrjú fulltrúa í úthlutunarnefnd Tónlistarsjóðs út frá tilnefningum hagaðila, en þeir eru fleiri en þrír taldir upp í greinargerð.

Í 2. kafla, 3. gr. þarf að skýra betur hlutverk Tónlistarmiðstöðvar. Þar mætti skerpa á þrjú hlutverk hlutverki miðstöðvarinnar sem kemur fram í skýrslu starfshóps um tónlistarmiðstöð; inntón, útón og tónverk. Vantar þar sérstaklega að skýra betur þann hluta sem fellur undir inntón og er skilgreint í skýrslu starfshópsins sem „uppbygging og stuðningur við tónlistarstarfsemi sem iðnað og atvinnugrein“. Einnig kemur ekki fram skráningar og varðveisluhlutverk tónverka eins og lýst er í skýrslu starfshópsins.

Í 2. kafla, 4. gr. er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra Tónlistarmiðstöðvar. Er hér lagt til að sett verði inn ákvæði um ráðningartíma framkvæmdastjóra sem væri sambærilegt ákvæði og er í 4. kafla, 9. gr. þar sem fjallað er um stjórn og framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í 2. kafla, 6. gr. er fjallað um Tónlistarráð. Greinin er mjög stutt og illa útskýrt hvert hlutverk og ábyrgð ráðsins er. Ekki kemur fram hversu margir fulltrúar sitja í tónlistarráði.



Í 3. kafla, 7. gr. er fjallað um Tónlistarsjóð. Fram kemur að ráðherra hafi heimild til að ein úthlutunarnefnd taki að sér fleiri en eina deild. Mikilvægt er að þarna komi fram að það sé einungis leyfilegt við sérstakar aðstæður eða í undantekningartilvikum.

Í sömu grein er fjallað um stefnu Tónlistarsjóðs. Þar tala tvær málsgreinar í kross um hver setur stefnu sjóðsins, annars vegar ráðherra og hins vegar Tónlistarmiðstöð. Mikilvægt er að halda í reglu hæfilegrar fjarlægðar eins og fram kemur í menningarstefnu Íslands og að ráðherra geti ekki ákveðið stefnu sjóðsins án samráðs.

Í 4. kafla, 9. gr. um stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands kemur fram að ráðherra tilnefnir tvo aðila án tilnefningar. Hér er lagt til að annar aðilinn verði tilnefndur af tónskáldum (FTT, TÍ eða STEFi) í ljósi hlutverks hljómsveitarinnar gagnvart íslenskri tónlist sem lýst er í 8. gr.

Í sömu grein er fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg leggur til 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, sbr. 11. gr., er mikilvægt að sett sé inn ákvæði um samráð við borgina um fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar. Lagt er til að við síðustu málsgrein 9. gr. verði bætti við: *Einnig skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir borgarráð Reykjavíkur með nægum fyrirvara svo gögn liggja fyrir þegar fjárhagsrammi Reykjavíkurborgar er undirbúinn og afgreiddur.*

Virðingarfyllt,

María Rut Reynisdóttir  
skrifstofustjóri menningarmála  
Menningar- og ferðamálasvið